



Viðtalstími

Næsti viðtalstími sveitarstjórnar verður miðvikudaginn 26. nóvember kl. 17:00-19:00 og að þessu sinni munu Ólafur Rúnar og Anna Karen vera á staðnum.

Fundur Framtíðarnefndar

Laugardaginn 1. febrúar sl. var haldinn íbúafundur undir nafni Framtíðarnefndar. Þar ræddu fundargestir vítt og breitt um þá framtíðasýn sem var þeim efst í huga.

Þátttakendum var skipt upp í þrjá hugarflugshópa og fóru þeir í fyrstu lotu í svonefnda SVÓT greiningu, þ.e. styrkleika og veikleika sveitarfélagsins og utan-aðkomandi ógnanir og tækifæri. Í annari lotu voru síðan framkallaðar hugmyndir um framtíðarsýn. Eftir kraftmikla kjötsúpuveislu komu hóparnir síðan saman og niðurstöður samræmdar. Um fundarstjórn sá Sigurður Steingrímsson frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Honum til aðstoðar voru Bergþóra, Halldór og Svala, en þau mynda stýrihóp. Um þrjátíu manns voru á fundinum og komu þar fram margvíslegar tillögur.

Stýrihópurinn vinnur nú úr hugmyndum fundarins og verða niðurstöður kynntar á almennum íbúafundar snemma á næsta ári. Næstu daga er fólk hvatt til þess að senda fleiri hugmyndir til stýrihópsins á netfangið:

framtidarnefnd@svalbardsstrond.is.

Bingó

Jólabingó verður haldið í Valsárskóla sunnudaginn 7. desember kl. 12:00. Spjöld seld frá 11:30. Þau kosta 400 kr. og 200 kr. í hléi. Öll börn fá eitt fríspjald.

Foreldrafélagið

Fjáröflun unglingadeildar Valsárskóla

Unglingadeild Valsárskóla stefnir á skólaferðalag vorið 2016 og líkt og áður treystum við á stuðning ykkar kæru sveitungar. Líkt og undanfarin ár munum við safna dósum og flöskum annað slagíð en einnig höfum við til sölu klósett- og eldhúsrúllur, fisk auk þess sem við munum sjá um að dreifa innansveitar jólapósti.

Klósettþappír og eldhúsrúllur: 48 WC-rúllur kosta 6.500 kr og 15 eldhúsrúllur 3.500. Til að panta pappír má hafa samband við Jónu Valdísi í síma 848-7214 eða í tölvupósti á netfangið jonav@internet.is.

Fiskur, rækjur og humar frá Hnýfli: Líkt og í fyrra munum við hafa til sölu ferskan línufisk (þorsk og ýsu) frá Hnýfli auk þess sem við seljum reyktan og grafinn lax, ferskan lax og bleikju, reyktá ýsu, harðfist auk humars og rækju. Panta þarf fiskinn hjá Starra Heiðmarssyni (starri@internet.is) eða 663-2650 og er pöntunum keyrt til kaupenda 2. fimmtudag í mánuði. Næst verður fiskur keyrður út 11. desember og þarf að skila pöntunum í síðasta lagi sunnudaginn 7. desember.

Til 60 ára og eldri

Opið hús verður í Safnaðarstofunni 25. nóv., 2. og 9. desember kl. 10:30. Komum saman og höfum gaman við spjall, spil og eitthvað fleira. Hvað viljum við gera, koma saman, hversu oft?? Heitt á könnunni.

Tvær Önnur og ein Birna

Fyrirlestur fyrir alla sveitunga

Staður: Valsárskóli.

Tími: Fimmtudagurinn 20. nóvember kl. 20:00.

Fyrirlesari: Sonja Sif Jóhannsdóttir, íþróttá- og heilsufræðingur.

Fyrirlesturinn heitir: Allt að vinna, engu að tapa. Hann fjallar um mataræði, hreyfingu og jákvæða hugsun.

Kvenfélagið

Kirkjan

21. nóvember. TTT (Tíu til tólf ára) samvera í Svalbarðskirkju kl. 15-16.30.

21. nóvember. Fermingarfræðslusamvera í safnaðarstofu Svalbarðskirkju kl. 17.00-20.00.

23. nóvember. Sunnudagaskóli í Svalbarðskirkju kl. 11.00.

5. desember. Fermingarfræðslusamvera í safnaðarstofu Grenivíkurkirkju kl. 17.00-20.00.

12. desember. Aðventukvöld í Svalbarðskirkju kl. 20.00. Helgileikur, kór-söngur, Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands flytur hugvekju.

Sjáumst í kirkjunni!

Björgunarsveitin Týr

Björgunarsveitin Týr er með umboðssölu á Belcando hundafóðri.



Þetta er hágæða hundafóður frá Þýskalandi sem dýralæknar mæla með og er meðal annars einnig selt í Dýrey á Akureyri. Allir leitarhundar björgunarsveitarinnar eru á þessu fóðri.

Með kaupum á hundafóðri hjá okkur styrkir þú björgunarsveitina og færð einnig besta fóðrið fyrir besta vininn.

Þeir sem hafa áhuga á að skoða þetta fóður, geta haft samband og við komum til ykkar með bækling á íslensku og fríar prufur fyrir hundinn. Þá er gott að láta fylgja upplýsingar um stærð hunds og hreyfipörf.

Allar frekari upplýsingar gefa Aðalsteinn s: 848 7358 og Þorgils s: 896 3247. Einnig er hægt að hafa samband í tölvupósti á tyr@internet.is eða á Facebook *Týr hundaogkattafóður Eyjafirði*.

Næstu rusladagar

20. nóvember - Endurvinnsla

27. nóvember - Almennt sorp

11. desember - Almennt sorp

Frá Bókasafninu

Enn er óvíst hvenær hillur koma í nýja bókasafnið og hvenær hægt verður að opna á nýjum stað. Rýma þarf Ráðhúsið fyrir 1. des.

Fylgist með á heimasíðu hreppsins hver framvindan verður.

Opið verður eins og venjulega á mánudögum kl. 17-19 fram að mánaðarmótum

Litið um öxl

Brot úr umfjöllun um Þórð Gunnarsson á Höfða í Óðni 1918.

Þátt áttu þeir bræður, og hann öflugan, í stofnun Kaupfélags Svalbarðseyrar ásamt Helga Laxdal í Tungu og fleiri merkismönnum. Var stofnfundur þess félags í Tungu á Svalbarðsströnd 17. des. 1889. Stendur sá félagsskapur enn, og nú með miklum blóma, og hefur allan sinn aldur stuðlað stórum að sjálfstæði manna og vaxandi velmegun – Fyrstu árin veittu þeir bræður honum forstöðu og var ársúmsætning þá 40–50 þús. kr., en nú c. 100 þús. kr.

Óðinn, 5. tbl. (01.08.1918), bls. 37

http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=2291772

Ströndungur kemur næst út þriðjudaginn 16. desember.

Sendi áminningu um skil á efni mánaðarlega á póstlista.

Láttu mig vita ef þú vilt fá áminningu í tölvupósti.

sandra.einars@gmail.com